

Vertu rödd en ekki bergmál

Álfhólsskóli vinnur um þessar mundir að innleiðingu skólamenningaráætlunar sem ber heitið Öll sem eitt. Skólamenningaráætlun er hluti af áherslusviði forvarnaráætlunar skólans sem snýr að skólabrag, skólamenningu, líðan og samskiptum. Áætlun þessi kemur m.a. í stað eineltisáætlunar en viðbragðsáætlun um ofbeldi er liður í skólamenningaráætluninni.

Skólamenningaráætlun tekur til alls skólasamfélagsins. Hún birtist og kemur fram í öllum hliðum skólastarfsins. Í grunninn snýst hún um það að við sem lærdómssamfélag erum öll að vinna að sameiginlegum markmiðum, öll sem eitt. Samkvæmt skólamenningaráætlun er ein undirstaða þess að efla jákvæða skólamenningu markviss lífsleiknikennsla með áherslu á gildi, virðingu, samskipti, sjálfsmynd og seiglu.

Álfhólsskóli leggur áherslu á mikilvægi góðrar lífsleiknikennslu á öllum skólastigum. Sett hefur verið af stað þróunarverkefni í lífsleikni til þess að uppfylla þennan þátt ÖSE-áætlunarinnar sem kallast Vertu rödd en ekki bergmál. Í verkefninu felst að kennarar öðlist sem víðtækasta þekkingu á lífsleikninni og áhersluþáttum skólans innan lífsleikninnar. Þeir eru sjálfsmynd og seigla, geðheilsa, kynheilbrigði, umburðarlyndi og víðsýni, mannréttindafræðsla, fjármálfræðsla, borgaravitund, skólamenning, samskipti, gagnrýnin hugsun, réttindi, skyldur og ábyrgð og öryggisfræðsla. Einnig verður nemendum boðið upp á fjölbreytta fræðslu í tengslum við þessa áhersluþætti. Lífsleiknikennarar munu að auki bjóða upp á námskeið/kynningar/fræðslu fyrir foreldra og kennara og taka að sér ráðgjöf í vinnu með afmarkaða nemendahópa innan skólans eftir þörfum, t.d. sjálfstyrking, markþjálfun o.fl.

Unnið er að innleiðingu heimsmarkmiða Sameinuðu þjóðanna og flétta hana inn í allar stefnur og áherslur Álfhólsskóla. Lögð er áhersla á að kennarar og starfsfólk fái góða kynningu á heimsmarkmiðunum og þekki leiðir til að vinna að þeim með nemendum og foreldrum. Lífsleikni er kjörinn vettvangur til þess að hefja umræðu og vinnu með heimsmarkmiðin þar sem það má auðveldlega flétta þau flest öll inn í áherslur lífsleikninnar með einhverju móti, en eins og fram hefur komið eru markmið lífsleikninnar unnin út frá heimsmarkmiðum Sameinuðu þjóðanna.

Markmið eru að:

- Nemendur fái öfluga og markvissa lífsleiknikennslu.
- Nemendur öðlist sterka sjálfsmynd, standi á sínu og taki upplýstar, sjálfstæðar ákvarðanir varðandi hegðun, framkomu og athafnir.
- Nemendur efli samskiptafærni sína í raunheimi og netheimi.
- Nemendur þekki leiðir til að efla eigin geðheilsu, þekki geðsjúkdóma, orsakir, einkenni og úrræði.
- Nemendur fái kynheilbrigðisfræðslu um kynlíf, sjálfsfróun, mörk, sambönd, klám, ofbeldi, áhættur, getnað, varnir o.fl,
- Lífsleiknikennarar öðlist víðtæka þekkingu á áherslusviðum skólans í forvörnum og lífsleikni, geti leiðbeint öðrum kennurum og veitt ráðgjöf eftir þörfum.
- Lífsleiknikennarar fái tækifæri til endurmenntunar, þrói og skipuleggi námskeið og/eða kynningar fyrir foreldra.